



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 26. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILÍÐ 2014 – 2018 7. FUNDUR ÁRSINS

### VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 30. JÚNÍ 2016

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2016, þann 30. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Erla Björg Arnardóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Bergisinn bs. Þjónustusamningur um málefni fatlaðs fólks.
2. Ferðamálastofa: Samstarf vegna mats og kortlagningar viðkomustaða ferðafólks.
3. Fasteignamat 2017.
4. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016-2019.
5. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.
6. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Beiðni um umsögn vegna endurskoðunar laga um mats á umhverfisáhrifum.
7. Batasetur Suðurlands: Erindi .
8. Áning utan tjaldsvæða.
9. Næsti fundur sveitarstjórnar.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

10. Veitustjórn: Fundargerð 13. fundar veitustjórnar frá 20. júní s.l.

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:**

11. Fundargerð 113. fundar skipulagsnefndar frá 23. júní s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 15. júní s.l.  
Mál nr. 16: Gröf. Lýsing deiliskipulags.  
Mál nr. 18: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
12. Stjórn Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs: Fundargerð 36. fundar stjórnar frá 9. júní 2016.
13. Stjórn Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs: Fundargerð 37. fundar stjórnar frá 23. júní 2016.

#### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. Bergisinn bs.: Fundargerð 19. fundar stjórnar frá 31. maí s.l.
- b. Bergisinn bs.: Fundargerð vorfundar byggðasamlagsins frá 31. maí s.l.
- c. Háskólafélag Suðurlands ehf: Fundargerð 8. aðalfundar frá 1. júní s.l.
- d. SASS: Fundargerð 509. fundar stjórnar frá 18. maí s.l.
- e. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 6. fundar stjórnar frá 27. júní s.l.

#### **Kynningarmál:**

- f. Skipulagsstofnun: Landsskipulagsstefna 2015-2026.
- g. Skipulagsstofnun: Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps.
- h. EBÍ: Úthlutun úr Styrktarstjóði EBÍ 2016.
- i. Umferðarúttekt.
- j. Veiðifélag Árneseinga: Fundargerð aðalfundar frá 26. apríl s.l.
- k. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 840. stjórnarfundar frá 2. júní s.l.
- l. Íslenska Gámafélagið: Minnipunktur vegna sorphirðu.
- m. Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað vegna fasteignaskatts o.fl. á mannvirki tengd ferðaþjónustu.
- n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Vinna við landsáætlun um uppbyggingu innviða í ferðaþjónustu.
- o. Skýrsla um rannsóknir í Skipholtskróki.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. **Bergrísinn bs. Þjónustusamningur um málefni fatlaðs fólks.**  
Oddviti kynnti endurnýjun á þjónustusamningi um málefni fatlaðs fólks sem þrettán sveitarfélög á Suðurlandi standa að, sem myndar sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur oddvita eða sveitarstjóra að undirrita samninginn.
2. **Ferðamálastofa: Samstarf vegna mats og kortlagningar viðkomustaða ferðafólks.**  
Oddviti kynnti bréf frá Ferðamálastofu þar sem óskað er eftir samstarfi vegna mats og kortlagningar viðkomustaða ferðafólks. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í samstarfinu og tilnefni Unnstein Loga Eggertsson til halda utan um verkefnið fyrir hönd sveitarfélagsins.
3. **Fasteignamat 2017.**  
Oddviti kynnti breytingar sem hafa orðið á fasteignamati milli ára 2016 og 2017. Fram kom að fasteignamat á húsnaði hefur hækkað um 4,7% og landverð um 6,0% milli ára.
4. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016-2019.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á jafnréttismálum fyrir árin 2016-2019.
5. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.
6. **Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Beiðni um umsögn vegna endurskoðunar laga um mats á umhverfisáhrifum.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum. Sveitarstjórn vísar málinu til skipulagsnefndar/skipulagsfulltrúa til umfjöllunar.
7. **Batasetur Suðurlands: Erindi.**  
Oddviti kynnti erindi frá Batasetri Suðurlands þar sem sótt er um styrk til rekstursins. Sveitarstjórn telur verkefnið þarft en það sé fyrst og fremst hlutverk ríkisins að styðja slíka starfssemi sem flokkast undir heilbrigðismál. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 50.000 og jafnframt að leggja sín lóð á vogarskálarnar til að vinna verkefninu brautargengi á þeim sviðum sem snúa að samskiptum við heilbrigðisyfirvöld.
8. **Áning utan tjaldsvæða.**  
Oddviti kynnti hugmyndir sem ræddar hafa verið vegna áningu húsbíla utan tjaldsvæða eða annarri skiplagðri aðstöðu. Sveitarstjórn telur brýnt að sveitarfélögin í Uppsveitum ræði saman hvort hægt sé að vera með samræmda stefnu í þessum málum með það í huga að setja samræmdar reglur um málið sem auðvelt sé að framkvæma. Sveitarstjórn felur oddvita að fylgja málinu eftir í samstarfi við ferðamálafulltrúa Uppsveita og oddvitum Uppsveita.
9. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**  
Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 11. ágúst nk. kl. 14:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

10. **Veitustjórn: Fundargerð 13. fundar veitustjórnar frá 20. júní s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 13. fundar veitustjórnar frá 20. júní s.l. Þar var fjallað um erindi frá Sial ehf vegna greiðslufyrirkomulags vegna uppbyggingar sumarhúsabyggðar við Flúðir. Kynnt voru tvö tilboð sem komið borist höfðu hafa í djúpdælu vegna Kópvatnsholunar. Farið var yfir kaldavatnotkunina í sumar, skattamál hitaveitunnar og rætt um að hafa afmæliskaffi hitaveitunnar í haust. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

**11. Fundargerð 113. fundar skipulagsnefndar frá 23. júní s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 15. júní s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 113. fundar skipulagsnefndar frá 23. júní s.l. Afgreiðsla einstakra mála er varða Hrunamannahrepp er eftirfarandi:

Mál nr. 16: Gröf. Lýsing deiliskipulags.

Lögð fram tillaga Landforms að lýsingu deiliskipulags fyrir svæði úr landi Grafar á Flúðum sem afmarkast ef Litlu-Laxá og Hvammsvegi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að fyrirbyggjandi deiliskipulagslýsing verði kynnt skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 18: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 15. júní s.l.

**12. Stjórn Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs: Fundargerð 36. fundar stjórnar frá 9. júní 2016.**

Oddviti kynnti fundargerð 36. fundar stjórnar Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs. Þar var lagt fram til kynningar minnisblað um stöðu átaksverkefnis um skráningu mannvirkja á starfssvæði byggðasamlagsins. Var þetta síðasti fundur Ragnars Magnússonar og var honum þakkað fyrir farsælt samstarf undanfarin ár. Lögð var fram staðfest samþykkt fyrir byggðasamlagið, sem samþykkt var á fundi stjórnar 23. mars s.l. Hafa öll sveitarfélögin staðfest nýja samþykkt og var hún lögð fram til undirritunar. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**13. Stjórn Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs: Fundargerð 37. fundar stjórnar frá 23. júní 2016.**

Oddviti kynnti fundargerð 37. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. Farið var yfir bifreiðakaup byggðasamlagsins og lántöku tengda henni. Kynnt var tillaga að gjaldskrá byggðasamlagsins og var Helgi Kjartansson kosin nýr varaformaður samlagsins. Þá var rætt um að vinna þurfi starfslýsingu fyrir alla starfsmenn byggðasamlagsins. Sveitarstjórn samþykkir að tekið verði lán hjá Ergo til bifreiðarkaupa sem nemur 70% af heildarkaupverði bifreiðanna tveggja sem nemur kr. 13.000.000. Þá samþykkir sveitarstjórn framlagða gjaldskrá fyrir byggðasamlagið og staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**a. Bergrisinn bs.: Fundargerð 19. fundar stjórnar frá 31. maí s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**b. Bergrisinn bs.: Fundargerð vorfundar byggðasamlagsins frá 31. maí s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**c. Háskólafélag Suðurlands ehf: Fundargerð 8. aðalfundar frá 1. júní s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**d. SASS: Fundargerð 509. fundar stjórnar frá 18. maí s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**e. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 6. fundar stjórnar frá 27. júní s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

**f. Skipulagsstofnun: Landsskipulagsstefna 2015-2026.**

Lagt fram til kynningar.

**g. Skipulagsstofnun: Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps.**

Lagt fram til kynningar.

**h. EBÍ: Úthlutun úr Styrktarsjóði EBÍ 2016.**

Lagt fram til kynningar.

**i. Umferðarúttekt.**

Lagt fram til kynningar.

**j. Veiðifélag Árneseinga: Fundargerð aðalfundar frá 26. apríl s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**k. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 840 stjórnarfundar frá 2. júní s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**l. Íslenska Gámafélagið: Minnipunktur vegna sorphirðu.**

Lagt fram til kynningar.

- m. Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað vegna fasteignaskatts o.fl. á mannvirki tengd ferðapjónustu.**  
Lagt fram til kynningar.
- n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Vinna við landsáætlun um uppbyggingu innviða í ferðapjónustu.**  
Lagt fram til kynningar.
- o. Skýrsla um rannsóknir í Skipholtskróki.**  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.15.

Handora Hjörkuld  
Róbert Frandótt Kowran HARANDSSON  
Ulf Egg Sigurð Sigurðsson  
Jón Z. K. Seis